

# Ályktun um fjármál heimilanna

## Úrvinnsla skulda heimilanna eftir hrun

Sjálfstæðisflokkurinn vill endurskoða lög nr. 151/2010 sem ríkisstjórnin setti í kjölfar ólöglegu gengislánanna. Lagasetningin hefur aukið á óvissu, kallað á málaferli og skaðað stöðu lánþega.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að dómsmálum er varða lánasamninga verði hraðað eins og kostur er. Sjálfstæðisflokkurinn vill að lánþegum verði veitt skjól gegn vörslusviptingum á meðan dómsmál um lánasamninga eru ekki til lykta leidd. Óþolandi er að gengið sé að eigum fólks meðan að jafn mikil lagaleg óvissa er uppi og raun ber vitni.

Sjálfstæðisflokkurinn vill færa niður höfuðstól verðtryggðra og gengistryggðra húsnæðislána. Þessi aðgerð og önnur endurskipulagning skulda heimilanna er forsenda fyrir auknum hagvexti og framtíðaruppbýggingu íslensks þjóðfélags.

Aðgerðir til lausnar skulda einstaklinga eiga að vera almennar en ekki það sértækar að leiði til mismununar borgaranna og brjóti gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn telur nauðsynlegt að upplýsa um efni samninga sem ríkisstjórnin gerði við yfirfærslu á eignum á milli gömlu og nýju bankanna. Án þeirra upplýsinga er erfitt að fjalla um skuldamál heimilanna með málefnalegum hætti.

Sjálfstæðisflokkurinn vill auka möguleika skuldara til þess að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að til gjaldþrots komi, m.a. með því að heimilt verði að afsala fasteign til lánveitanda svo forðast megi gjaldþrot. Úrræðið gildi tímabundið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þá er nauðsynlegt að löggjöfin torveldi ekki þeim sem verða gjaldþrota að hefja aftur eignamyndun. Tryggja þarf að afskrifaðar skuldir einstaklinga myndi ekki stofn til álagningar tekjuskatts.

## Fjármögnun íbúðarhúsnæðis

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á séreignastefnu í húsnæðismálum. Gera verður fólki kleift að búa í eigin húsnæði með það að markmiði að treysta fjárhagslegt sjálfstæði þess með tilheyrandi eignamyndun og auknum ráðstöfunartekjum. Það verði m.a. gert með aukinni atvinnu, lækkun skatta, lækkun vaxta og minni verðbólgu.

Mikilvægt er að aðstoð við húsnæðis kaup og skattastefna hins opinbera miði að því að auðvelda fólki að eignast húsnæði en hvetji ekki til skuldsetningar.

Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að bæta fjármálalæsi ungs fólks í gegnum skóla og heimili.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að fólki standi til boða hagkvæm lán til húsnæðis kaupa. Skattastefnu ríkisins og gjaldtöku sveitarfélaga vegna kaupa og byggingar eigin húsnæðis verður að stilla í hof og fella á niður stimpilgjald vegna fasteignaviðskipta.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins krefst þess að skipan húsnæðis- og neytendalána verði með sama hætti og annars staðar á Norðurlöndunum, Bretlandi og Þýskalandi. Tryggja verður virka samkeppni á lánamarkaði vegna húsnæðis kaupa, sem getur leitt til að vextir og gjaldtaka lánastofnana verði með svipuðum hætti og í nágrennalöndum okkar. Verðtrygging neytendalána á ekki að vera valkostur í nútímasamfélagi.

## Ályktun um fjármál heimilanna

Enn sem fyrr byggir Sjálfstæðisflokkurinn á þeirri meginstefnu að einstaklingar eigi þess kost að rísa frá fátækt til velmegunar á grundvelli eigin framtakssemi og dugnaðar. Framlag samfélagsins til þess á m.a. að vera með þeim hætti að sjá til þess að hagkvæm húsnæðislán séu jafnan í boði fyrir neytendur.

### **Leiguhúsnæði**

Sjálfstæðisflokkurinn vill setja almennar reglur til að tryggja eðlilegt framboð á leiguhúsnæði og hóflega skatt- og gjaldtöku á leigusala.

### **Mat á bújörðum**

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að mat á virði bújarða í tengslum við skuldaaðlögun bænda verði framkvæmt af úrskurðarnefnd sem fjármálastofnanir og bændasamtök koma sér saman um til þess að tryggja að jafnræðis sé gætt.